

# Vefsíða félags heimspekikennara [www.heimspekitorg.is](http://www.heimspekitorg.is)

## Skýrsla ritstjórnar starfsárið 2011-2012

Ritstjórnina skipa Brynhildur Sigurðardóttir, Einar Kvaran, Íris Reynisdóttir og Skúli Pálsson

### Fyrsta starfsárið

Heimspekitorg.is birtist á veraldarvefnum snemma árs 2011. Við undirbúning vefsíðunnar kallaði stjórn félags heimspekikennara eftir áhugasömum félagsmönnum til að sitja í ritstjórn og er hún skipuð þeim fjórum aðilum sem þá buðu sig fram.

### Fundir ritstjórnar

Ritstjórnin hefur ekki haft fasta fundartíma. Fundir hafa verið haldnir til að ræða afmörkuð verkefni ritstjórnarinnar og skipta niður verkefnum. Fundir ritstjórnar voru samtals 5 frá síðasta aðalfundi félags heimspekikennara, haldnir sumarið 2011 og í mars-maí 2012. Á einum fundi hitti ritstjórnin fulltrúa frá Heimspekistofnun HÍ sem vinna að vef um gagnrýna hugsun og siðfræði í skólum og á öðrum fundi hittum við stjórn félags heimspekikennara.

### Samstarfsaðilar

Ritstjórn Heimspekitorgsins hefur unnið í nánú samstarfi við stjórn félags heimspekikennara. Það hefur verið jákvætt að einn fulltrúi sitji í báðum stjórnnum til að koma skilaboðum á milli, en Brynhildur hefur setið í báðum stjórnnum í vetur. Það styrkir samstarfið og auðveldar ritstjórninni að byggja vefsvæðið upp samkvæmt óskum félagsmanna.

Ritstjórnin hefur gengið til samstarfs við hóp heimspekikennara í Garðabæ sem fékk styrk úr Þróunarsjóði Námsgagna til að semja rafrænt námsefni fyrir heimspekikennslu. Hópurinn skipa Brynhildur Sigurðardóttir, Ingimar Waage, Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir. Námsefnið verður birt í Verkefnabanka Heimspekitorgsins. Höfundar efnisins gefa vinnuframlag sitt til Heimspekitorgsins sem hýsir og varðveitir námsefnið. Hópurinn mun láta hana tákmynd Heimspekitorgsins og útlit verkefnabankans. Drög að fyrstu verkefnum eru komin inn á Heimspekitorgið en viðbúið er að útlit, skipulag og efnisþættir námsefnisins verði í þróun allt næsta starfsár.

Sumarið 2011 fundaði ritstjórn Heimspekitorgsins nokkrum sinnum með starfsmönnum Heimspekistofnunar Háskóla Íslands sem ritstýra tveimur vefsvæðum: [heimspeki.hi.is](http://heimspeki.hi.is) og [gagnrýnihugsun.hi.is](http://gagnrýnihugsun.hi.is). Ritstjórnin lítur á þessi vefsvæði sem systursvæði sín og fundirnir síðasta sumar gengu út á að skilgreina verkaskiptingu milli vefsvæðanna til að nýta sem best vinnu þeirra sem að vefsvæðunum koma og koma í veg fyrir tvíverknað. Heimspekitorgið hýsir upplýsingar sem varða félag heimspekikennara sérstaklega, afmarkað tengslasafn fyrir heimspekikennara og byggir upp verkefnabanka sem kennarar geta leitað í og nýtt með lítilli fyrirhöfn. Heimspeki.hi.is fjallar um heimspeki sem fræðasvið og gagnrýnihugsun.hi.is fjallar um gagnrýna hugsun og siðfræði í kennslu en þar er áherslan fræðilegri en á heimspekitorginu og þar eru viðameiri gögn hýst, svo sem kennslubækur í rökræði og fræðilegar ritgerðir um heimspekikennslu á Íslandi. Ritstjórnir vefsvæðanna gæta þess að hafa tengla sem beina lesendum inn á öll vefsvæðin.

## Vinna við vefsíðuna

Flestir flipar síðunnar eru nú fullunnir og þarfnast einungis reglulegrar yfirferðar og uppfærslu. Breytingar hafa orðið á skipulagi síðunnar á starfsárinu eftir því sem möguleikar og þarfir hafa komið í ljós. Aðalflipar síðunnar eru nú:

- **Heim** - forsíða með fréttum sem uppfærðar eru a.m.k. einu sinni í mánuði
- **Um okkur** - upplýsingar um félag heimspekikennara.
- **Heimspekikennsla** - flipi sem áður hét “hugmyndafræði”. Hér er sagt frá hlutverki heimspeki í skólum og kennsluaðferðum, birt myndbönd um heimspekikennslu á Íslandi og ábendingar um lesefni um heimspekikennslu. Þessi flipi er ennþá í vinnslu, hér vantar inn lykiltexa og vinnsla myndbanda er á byrjunarstigi.
- **Verkefnabanki** - hér verður birt námskrá í heimspekikennslu, kennsluleiðbeiningar og verkefni auk tengla inn á verkefni og námsefni sem birt hafa verið annars staðar.
- **Hvað er í boði** - upplýsingar um skóla sem kenna heimspeki og námskeið sem eru í boði fyrir kennara, börn og unglunga.
- **Krækjur** - kaflaskipt safn krækja inn á vefsíður sem góð reynsla er af. Áhersla er lögð á að ofhlaða ekki krækjusafnið heldur velja vel þær ábendingar sem ritstjórn telur gagnlegastar fyrir heimspekikennara.
- **Fréttabréf** - hér getur fólk skráð sig í áskrift að Fréttabréfi heimspekikennara og lesið eldri tölublöð.
- **Spurt og svarað** - samskiptasíða.

## Áframhaldandi uppbygging Heimspekitorgsins

Helstu verkefni ritstjórnar næsta starfsár eru:

- að klára að semja texta undir flipanum “Heimspekikennsla”
- að þróa vinnu við myndbönd um heimspekikennslu á Íslandi
- að virkja Fréttabréf heimspekikennara þannig að það þjóni sem upplýsingaveita félags heimspekikennara
- að styðja við uppbyggingu á Verkefnabanka Heimspekitorgsins
- að halda vefsíðunni lifandi með tengingum inn á Facebook síðu félagsins, reglulega uppfærðum fréttum og árlegri yfirferð á tenglasafni þannig að síðan úrel-dist ekki
- að kanna hvað sé besti vettvangurinn fyrir gagnvirk samskipti félagsmanna og heimspekikennara almennt. Félagið er með hóp á Facebook og á Heimspekitorginu er samskiptasíða “Spurt og svarað”

## Þakkir

Ritstjórn Heimspekitorgsins þakkar öllum samstarfsaðilum sínum fyrir skemmtilega þróunarvinnu á starfsárinu og hlakkar til að takast á við áframhaldandi uppbyggingarstarf.

Reykjavík 9. júní 2012

Brynhildur Sigurðardóttir  
Einar Kvaran  
Íris Reynisdóttir  
Skúli Pálsson